

10. fundur verkefnisstjórnar rammaáætlunar, 6. áfanga

Tími: 30. janúar 2026 kl.13:00.

Mættir:

Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Kjartan Ólafsson (KÓ), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT), Jón Björn Hákonarson (JBH).

UOS: Rán Jónsdóttir (RJ)

Dagskrá:

1. Staðfesting fundargerða 7-9
2. Erindi frá sveitarstjórn Norðurþings um vindorkukostinn Hnotastein.
3. Vindheimavirkjun, staða verkefnis
4. Efni á Teams og ramma.is
5. Fundir formanns og starfsmanns
6. Fyrirhugaður fundur VR6 og faghópa og kynning Náttúrufræðistofnunar
7. Önnur mál

Fundur settur kl. 13:00

1. Staðfesting fundargerða 7-9

Fundargerðirnar staðfestar af öllum í verkefnisstjórn.

2. Erindi frá sveitarstjórn Norðurþings um vindorkukostinn Hnotastein

Erindi barst þann 23. janúar sl. frá sveitarstjórn Norðurþing um vindorkukostinn Hnotastein. Sveitarstjórnin óskar eftir að kosturinn verði tekinn til umfjöllunar. Samþykkt að kynna sveitarstjórninni að ákveðið hefur verið að taka vindorkukosti sem þegar eru í biðflokki til umfjöllunar af verkefnisstjórn 6.áfanga.

3. Vindheimavirkjun, staða verkefnis

Formaður hafði samband við Fallorku vegna orkukostsins Vindheimavirkjunar. Fallorka mun senda formlegt erindi þess efnis að orkukosturinn verði dreginn til baka

4. Efni á Teams og heimasíðu ramma.is

Rætt var um aðgengisvandræði Teams: Rán er í sambandi við tölvumenn UOS um að leysa úr aðgangsvandræðum einstakra nefndarmanna.

Rætt var um hvað eigi að vera á TEAMS annarsvegar og hvað á ramma.is hinsvegar.

Ákveðið að ganga út frá því að á ramma.is séu allar tillögur sem fara í kynningu og önnur opinber gögn svo sem skýrslur verkefnisstjórnarinnar. Fundargerðir verkefnisstjórnar eru einnig birtar á ramma.is

Gögn sem framkvæmdaaðili skilar með beiðni um umfjöllun til ramma, fylgja skilgreindum verkefnum á UOS.is og eru birt þar en eru ekki birt á ramma.is.

Á TEAMS eru öll vinnugögn verkefnisstjórnar og faghópa.

Ákveðið að setja efni fyrir sérhvern fund vstj. í möppu á TEAMS.

5. Fundir formanns og starfsmanns

Svanfríður og Rán héldu fund með Náttúrufræðistofnun um kortasjá stofnunarinnar og einnig héldu þær fund ásamt Pétri með UOS um hvort vatnshlot og meðferð þeirra hjá verkefnisstjórn. Ákveðið var að UOS og vstj haldi áfram viðræðum um málefnið.

6. Fyrirhugaður fundur VR6 og faghópa og kynning Náttúrufræðistofnunar

Ákveðið var að flýta fyrirhuguðum fundi verkefnisstjórnar og faghópa og verður hann haldinn föstudaginn 13.2.2026, kl. 13. Sérfræðingar Náttúrufræðistofnunar munu halda kynningu á kortasjá stofnunarinnar. Einnig verður rætt um aðferðafræði rammaáætlunar.

7. Önnur mál

Erindi hefur borist frá Orkusölnunni um virkjun í Vatnsdalsá sem hafi verið send verkefnisstjórn VR3 en hugsanlega ekki fengið umfjöllun. Rán ætlar að kanna forsögu og gögn.

Eftir er að ganga frá skipun eins meðlims í faghópi 4, en verður að öllum líkindum frágengið í næstu viku.

Fundi slitið kl. 14.